

Starfsmaður í fóðurmiðstöð Arctic Fish á Þingeyri

Arctic Fish óskar eftir að starfsmann í fóðurmiðstöð fyrirtækisins á Þingeyri.

Starfsmenn í fóðurmiðstöð heyrja undir stöðvarstjóra félagsins í Dýrafirði og vinna í hóp með öðrum að fóðrun á eldisstöðvum félagsins. Fóðrun er stýrt frá fóðurmiðstöð í landi í gegn um tölvur. Um skrifstofustarf að ræða. Starfið er krefjandi en helstu verkefni eru fóðrun eldisfiska og skipulag fóðrunar, umsjón með fóðurpöntunum og eftirlit með framleiðslunni sem og viðhald á búnaði og tækjum. Fóðurstofnastarfi er lang stærsti kostnaðarliðurinn í fiskeldi.

Unnið er á sjö daga vöktum. Þ.e. unnið er í 7 daga og svo frí í 7 daga, en viðkomandi þarf þar að auki að vera tilbúinn til að vinna sveigjanlegan vinnutíma.

Leitað er að einstaklingi með eftirfarandi hæfni:

- Frumkvæði og metnaður til að skila góðu starfi
- Góð tölvukunnátta
- Stundvísi, nákvæmni og áreiðanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af fiskeldi er kostur
- Áhugi á fiskeldi
- Skilning og áhuga á mikilvægi sjálfbærni í fiskeldi bæði er viðkemur samfélagi, umhverfi og fjármagni

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknir skulu berast í tölvupósti til Kristínar Hálfhánsdóttur kh@afish.is. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2021.

Arctic Fish framleiðir hágæða lax á Íslandi. Markmiðið er að halda áfram að fjárfesta og byggja upp sjálfbæran og arðbæran rekstur, þar sem að eldið er í sátt við samfélagið og umhverfið. Arctic Fish telur að lykillinn að velgengni fyrirtækisins muni byggja á öflugum starfsfólki sem vinnur í sátt við umhverfið.

Arctic Fish samanstendur af Arctic Fish, Arctic Sea Farm, Arctic Smolt og Arctic Odda. Arctic Fish sér um eftirlit og stjórnun fyrirtækjanna. Höfuðstöðvar þess eru á Ísafirði.

